
FORNLEIFASKRÁNING Í ÓSKIPTU LANDI VOGA Í MÝVATNSSVEIT:

VEGNA SKIPULAGS



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2018
FS677-17271



Ljósmynd á forsíðu er af vörðu, SP-207:059, horft til norðvesturs.

Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir

©2018

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: fsi@instarch.is

www.fornleif.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	5
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF	7
3. SAGA SVÆÐIS	9
4. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU	13
5. FORNLEIFASKRÁ	15
6. NIÐURSTÖÐUR	33
Deiliskráning á fimm framkvæmdareitum	34
Reitur 1 (F-2): Bílastæði við Lofthelli	34
Reitur 1 (F-3): Aðstaða í grennd við Lofthelli	35
Reitur 2: Bætt aðstaða við Grjótagjá	36
Reitur 3: Framkvæmdareitur við Vogagjá	38
Reitur 5: Framkvæmdareitur við Lúdentsborgir.....	39
Fornleifar utan framkvæmdareita en innan deiliskipulagsmarka	40
HEIMILDASKRÁ.....	43
Viðauki 1: Afmörkun skipulagsreits og fornleifar innan þess á hæðarlínugrunni frá Teiknistofu Arkitekta	
Viðauki 2: Afmörkun skipulagsreits og fornleifar innan þess á Atlaskorti	

Samantekt

Um þessar mundir er unnið að deiliskipulagi fyrir uppland jarðarinnar Voga í Mývatnssveit, samtals um 10.000 ha svæði. Í tengslum við nýtt skipulag fór Rúnar Leifsson, minjavörður Norðurlands eystra, fram á að gerð yrði deiliskráning á öllum þeim reitum þar sem framkvæmdir væru fyrirhugaðar innan svæðisins, samtals á fimm reitum. Auk þess fór hann fram á að aftur yrði farið á þekktu minjastaði innan alls deiliskipulagsreitsins og þeir mældir upp, loftmyndir skoðaðar og viðtöl tekin við staðkunnuga til að kanna hvort fleiri minjar kæmu í ljós á umræddu svæði. Landeigendur í Vogum í Mývatnssveit, sem standa að skipulagsgerðinni, fengu Fornleifastofnun Íslands til verksins. Skráningin var unnin í lok októbermánaðar 2017 af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur, fornleifafræðingi. Samtals voru skráðar 12 minjar á svæðinu, þar af var aðeins ein innan framkvæmdareits.

1. Inngangur

Á haustmánuðum 2017 fól stjórn Félags landeigenda í Vogum í Mývatnssveit Fornleifastofnun Íslands ses að vinna vettvangsskráningu fornleifa í Vogalandi. Ástæðan var sú að unnið er að skipulagi fyrir það landsvæði innan Vogajarðarinnar sem telst óskipt en það er um 10.000 ha að stærð. Skipulagið miðast að því að móta framtíðarsýn varðandi landnotkun og uppbyggingu á umræddu svæði og er einn helsti hvatinn að skipulagsvinnunni vaxandi umferð ferðamanna um svæðið og aukin ferðaþjónusta. Fornleifastofnun vann á árunum 1996-2000 aðalskráningu í Skútustaðahreppi og var hún lögð til grundvallar nýrrar úttekta.¹

Sökum umfangs svæðisins ákvað Rúnar Leifsson minjavörður að unnin skyldi tvenns konar úttekt innan þess. Í fyrsta lagi skyldi deiliskrá fimm framkvæmdareiti þar sem eiginlegar framkvæmdir væru ráðgerðar en hins vegar skyldi gera ítarlega aðalskráningu utan



Staðsetning úttektarsvæðis merkt með rauðu á Íslandskort. Grunnkort: Gísli Pálsson.

¹ Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. 2000

framkvæmdareita á öllu því svæði (10.000 ha) sem til umfjöllunar er í skipulagsferlinu.²

Við deiliskráningu eru úttektarsvæði þaulgengin í leit að minjum en við aðalskráningu er aðeins gengið á alla þekkta staði en svæði annars ekki gengin í leit að áður óþekktum minjum. Að þessu sinni voru allar minjar uppmældar, hvort sem þær voru innan framkvæmdareita eða ekki og auk þess var farið óvenju ítarlega yfir loftmyndir á skipulagssvæðinu og rætt við heimildamenn í þeirri viðleitni að hafa upp á áður óþekktum minjum. Rætt var annars vegar við þær Ólöfu Hallgrímsdóttur, Sólveigu Erlu Hinriksdóttur og Þórdísi Guðfinnu Jónsdóttur sem skipa stjórn landeigendafélags Voga og hins vegar þá Gunnar Rúnar Pétursson, Hermann Kristjánsson, og Jónas Pétur Pétursson sem þekkja svæðið vel. Eru þessum aðilum færðar kærar þakkir fyrir þeirra aðstoð. Minjastofnun Íslands lánaði *Trimble Geoexplorer* staðsetningartæki í verkið og fær bestu þakkir fyrir það. Umsjón með skipulagsgerð hefur Árni Ólafsson arkitekt hjá Teiknistofu Arkitekta, Gylfi og félagar ehf og eru honum færðar þakkir fyrir samstarfið. Um vettvangsrannsókn sá Elín Ósk Hreiðarsdóttir og sá hún einnig um úrvinnslu og korta- og skýrslugerð.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna yfirlit um löggjöf um minjavernd og í þeim þriðja er stiklað á stóru um sögu. Í fjórða kafla er farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Fimmti kafli er sjálf fornleifaskráin, þ.e. lýsing á þeim minjum sem skráðar voru ásamt hnitsetningu, ljósmyndum og uppmælingum. Í sjötta og síðasta kafla er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er svo að finna heimildaskrá og kort sem sýnir rannsóknarsvæðið og þær minjar sem fundust innan þess.

² Bréf Rúnars Leifssonar minjavarðar Norðurlands, dagsett 12. júlí 2017. MÍ201707-0053/6.09/R.L.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri mínjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Saga svæðis

Elsta þekkt ritheimildin um jörðina Voga er að finna í viðbót við Reykjahlíðarmáldaga (í Auðunarmáldaga) frá 1330-40 þar sem bæjarins er getið í framhjálaupi.³ Jarðarinnar er getið nokkrum sinnum í fornum heimildum í gegnum aldirnar, oftast í tengslum við kaup og sölu hennar.⁴ Allt bendir til þess að jörðin hafi snemma komist í byggð og líklega er hún elsta jörðin á austurbakka Mývatns, ef frá er talin Reykjahlíð. Af landamerkjum jarðarinnar að dæma má ætla að Geiteyjarströnd, Kálfaströnd, Brjánsnes og Garður hafi byggst síðar, úr landi Voga.

Landrými Vogajarðarinnar er mjög gott enda er jörðin samtals 1517 ha.⁵ Byggðin er við vatnið en jörðin á geysimikið land til austurs, allt að Búrfelli. Á undanförunum árum hefur myndast vísir að þéttbýli við vatnið í Vogalandi. Þónokkur nýbýli hafa verið stofnuð úr landi Voga allt frá því árið 1914 þegar Vogar II byggðust og úr landi nýbýlanna hafa einnig byggst íbúðarhús á íbúðarlóðum á nokkrum stöðum. Heimalandið er gróið hraunlendi en Vogabændur hafa á undanförunum árum sótt hluta heyskaparins annað.⁶ Í Vogalandi er, auk landbúnaðar, stunduð ferðaþjónusta og hefur hún vaxið talsvert á síðustu árum. Þar er nú rekið gistihús, tjaldstæði, kaffihús og matsölustaðir svo fátt eitt sé nefnt. Heimalandinu hefur verið skipt í þrennt en upplandið er enn óskipt og sameign landeiganda og það er sá hluti sem er til umfjöllunar í skýrslu þessari. Svæðið sem kannað var að þessu sinni er því afréttarland Voga og um 10.000 ha stórt.⁷

Innan Vogalands er m.a. hluti af jarðhitasvæðinu við Námafjall, mikið hraunlendi, t.d. bæði Vogahraun og hluti Búrfellshrauns, og talsvert fjalllendi s.s. Hverfjall/Hverfell, Lúdent, Hvannfell og Búrfell.

Gera má ráð fyrir því að landnýting á svæðinu hafi um aldir verið áþekkt. Helsta einkenni norðausturhluta svæðisins (hitasvæðisins við Námafjall) er eldvirkni og hefur hún án efa ætíð mótað nýtingu þess, a.m.k. á síðustu öldum.

Mögulegt er að einhver gosvirkni hafi verið á svæðinu á fyrstu öldum eftir landnám en fyrstu gosin sem getið er um í rituðum heimildum á þessum slóðum eru Mývatnseldar

³ DI II, 430

⁴ Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir, 47

⁵ Byggðir og bú í Suður-Þingeyjarsýslu II, 558

⁶ Byggðir og bú í Suður-Þingeyjarsýslu II, 558

⁷ Jón Gauti Jónsson, 97-99

1724-29.⁸ Líklega hefur landslag á úttektarsvæðinu norðanverðu breyst talsvert við þær hræringar en lítið er vitað um hvernig þar var umhorfs fyrir þær.

Eins og nafn Námafjalls gefur til kynna má ætla að brennisteinsnámur hafi verið á þessum slóðum. Hlíðar- eða Reykjahlíðarnámur voru austan við fjallið en auk þeirra eru heimildir um slíkar námur í Hverarönd austan við fjallið, á fjallinu sjálfu og norðan þess. Lítil sem engin ummerki eru eftir brennisteinsgröftinn í dag og engin slík ummerki eru þekkt innan marka úttektarsvæðis.

Ljóst er að brennisteinsnám á sér langa sögu hér á landi en elstu heimildina um slíkt er líklega að finna í sögu Árna biskups Þorlákssonar frá 13. öld en þar kemur fram að erkibiskupinn í Niðarósi bað um að sér yrðu færðir fálkar og brennisteinn frá Íslandi.⁹ Brennisteinn var mikilvæg útflutningsvara um aldir en þó líklega aldrei eins mikilvæg eins og á 16. öld.¹⁰ Á seinni hluta 18. aldar voru gerðar tilraunir til að hefja umfangsmeiri námugróft og útflutning á brennisteini í tengslum við Innréttingarnar, m.a. í landi Reykjahlíðar en þær tilraunir gengu aðeins í meðallagi vel.¹¹

Svæðið fast vestan við Námafjall norðanvert var undanskilið í úttektinni (tilheyrir Landsvirkjun) og sömuleiðis nánasta umhverfi Jarðbaðanna við Mývatn en deiliskráning fornleifa hefur verið unnin fyrir bæði svæði.¹²

Allt bendir til að örnefnið Jarðbaðshólar sé fornt og var það trú manna að jarðböð hefðu verið í hólunum frá örófi alda og talið að Guðmundur góði Arason hefði vígt böðin.¹³ Elstu þekktu frásögn af jarðböðum á þessum slóðum er líklega að finna í Íslandslýsingu Odds Einarssonar biskups frá því um 1600. Oftast er böðunum aðeins lýst lauslega, oft sem kofa hlöðnum úr hraungrjóti yfir gryfju. Þorvaldur Thoroddsen sem var við rannsóknir í Mývatnssveit 1884 minnst á jarðbaðið í ferðabók sinni en af lýsingunni að dæma virðist ólíklegt að hann hafi skoðað jarðbaðið sjálfur og er óvíst hvort baðhúsið hefur verið uppistandandi þá.¹⁴ Líklegast er að baðhúsið hafi fallið úr notkun á fyrri hluta 19. aldar eftir

⁸ Kristján Sæmundsson, 85.

⁹ Biskupasögur III, 76.

¹⁰ Jón E. Vestdal, 59-73.

¹¹ sjá t.d. Ole Henchel, 278-304.

¹² sjá Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2017a og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2017b.

¹³ Sjá t.d. Örnefnaskrá Voga, 1297-98.

¹⁴ Þorvaldur Thoroddsen, 299-300.

að tvö gamalmenni létust þar með stuttu millibili og er staðsetningin nú týnd. Á 20. öld voru hins vegar byggð jarðböð í Jarðbaðshólum á ný og risu þá nokkur mannvirki þar, öll utan úttektarsvæðis og flest fremur skammær. Hafa ber í huga að hitastig jarðar á þessum slóðum tekur gjarnan breytingum, ekki síst í jarðhræringum og því er ekki ólíklegt að jarðböð hafi færst til eftir þörfum. Engin mannvirki sem tengst gætu jarðböðum fundust innan svæðis. Rétt er að benda á að óljósar minjar sem skráðar voru í nágrenni Jarðbaðanna (SP-207:054) tengjast án efa nýtingu jarðhita á þessum slóðum en nákvæmt hlutverk þeirra er ekki þekkt.

Engar heimildir voru um minjar í Vogahrauni eða við Grjótagjá (innan úttektarsvæðis). Utan minja í nágrenni Jarðbaðanna var aðeins skráð óveruleg hleðsla á einum stað, nærri Grjótagjá (SP-207:055).

Stór hluti af því svæðis sem er innan deiliskipulagsreits er hraunlendi, nokkuð úfið á köflum. Inn á milli eru sæmilega gróðursæl svæði og hefur hluti upplandsins nýst fyrir útbeit í gegnum aldirnar. Flestar fornleifarnar sem skráðar voru innan deiliskipulagsreits voru í námunda við Lúdent og tengjast einmitt útbeit á einhvern hátt, s.s. beitarhús (SP-207:033/056), heystæði (SP-207:057), aðhöld/réttir (SP-207:047 og 058) og forn selstaða sem engin ummerki sjást nú um (SP-207:038). Óræðar leifar í nágrenni Lofthellis gæti verið af svipuðum meiði (SP-207:032) en að auki voru á þessu svæði áður götur (sjá SP-205:058) og stæðileg varða (SP-207:059) sem kann að hafa verið hlaðin sem samgöngubót þótt ekki sé hægt að staðfesta um það.

4. Aðferðir við fornleifaskráningu

Áður en svæðið var gengið var gerð heimildaúttekt, talað við staðkunnuga og loftmyndir kannaðar. Sá minjastaður (leið) sem skráður var innan framkvæmdareits var talinn „í stórhættu vegna framkvæmda“ þó að ljóst sé að hættan sem steðjar að götu á leiðinni sé ekki endilega mjög bráð. Ljóst er hins vegar að framkvæmdir geta auðveldlega máð út ummerkin þótt ekki sé víst að eiginlegar framkvæmdir verði við götuslóðann. Aðrar fornleifar töldust ekki í hættu vegna framkvæmda enda ekki ráðgert að framkvæma í nágrenni þeirra. Hættumat á þessum stöðum var því misjafnt, sumar töldust ekki í neinni hættu en aðrar í hættu vegna annarra orsaka en framkvæmda s.s. uppblásturs. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Úttektarsvæðið sem fjallað er um í skýrslu þessi tilheyrir flestar Vogum (SP-207) en einn minjastaður (leið) var í landareign Kálfastrandar og Voga og hafði verið skráður undir númeri í Kálfastrandarlandi (SP-205:058) og var ekki hreyft við því. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SP-208:150). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðisins.


Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis minjastaðurinn er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar mæld upp

mörk allra merkjanlegra minja. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens Númer fornleifar á tiltekinni jörð Sérheiti Tegund Hlutverk Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn ← SF:175:009 Sveinshlaða tóft hlaða E: 528751 N: 352323

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólfi eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfin virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Hætta sem steðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur lýsing á aðstæðum eins og við á og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem staðinn varða.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

5. Fornleifaskrá

SP-205 Kálfaströnd¹⁵

SP-205:058 Vegaborg gata leið

E: 599739 N: 566032

"Austan Holtsbruna hækkar landið allt til austurs að Lúdentarborgum, en þar eru landamerkin fyrir jörðina að austan. Nyrsta borgin heitir Vegaborg. Í hana eru landamerkin milli Kálfsstrandar og Geiteyjarstrandar. Vogar eiga landið austan við. Vegur liggur niður sunnan við eða suðvestan í borginni," segir í örnefnaskrá Kálfastrandar. Sama leið er merkt inn á Atlanskort (Geodætisk institut – Sérkort Mývatn) frá árinu 1935. Hún er merkt með suðvesturhlið Hverfjalls/Hverfells og þá til SSA fram hjá Vegaborg og áfram til SSA alla leið þar til komið er suður fyrir Lúdent. Þar greindist vegurinn í tvennt og breyttist úr því að vera það sem á kortinu flokkaðist sem eiginlegur „vegur“ og í "óvissa götu" eða slóða. Greindist þá slóðin annars vegar til vesturs norður fyrir Hvannfell en hins vegar lá stuttur slóði til suðurs þar sem hann endaði nálægt þeim stað sem núverandi vegaslóði að Hverfjalli/Hverfelli liggur. Jeppaslóði liggur nú (2017) á þessum sömu slóðum. Ef marka má staðsetningu á herforingjaráðskorti þá hefur eldri slóði víðast verið vestan eða suðvestan við núverandi veg.



Á mynd til vinstri má óljóst sjá móta fyrir slóða í vegarkanti en mynd til hægri sýnir framkvæmdareit (blágræn lína) og óljósa slóða (SP-205:058) sem greina má innan hans. Loftmynd: Bing

¹⁵ Einkenni gatna er það að þær ná gjarnan yfir fleiri en eina jörð. Sú er raunin með leið SP-205:058 sem var aðalskráð undir landamerkjum Kálfastrandar árið 1999. Við skráningu var ákveðið að láta númerið halda sér þótt sá hluti leiðarinnar sem skráður var 2017 sé í landi Voga.

Vegaborg er á vinstri hönd þegar komið er upp Nökkvabrekku. Hálfgróinn melur. Ekki er víst hversu lengi vegur hefur verið á þessum slóðum, þ.e. hvort hann hafi verið þar löngu áður en herforingjaráðskortin voru teiknuð eða var þá tiltölulega nýgerður. Ekki er þó ólíklegt að götur hafi verið á svipuðum slóðum og mótar víða fyrir mótar fyrir gömlum götum rétt suðvestan við Vegaborg og sunnan jeppaslóða. Hálfgróinn melur og gróið hraunlendi.

Víða má sjá óljósar götur og kindaslóða og er mest af því vafalaust ekki mjög fornt. Götuslóða má greina undan núverandi jeppaslóða t.d. í námunda við Vegaborg og voru slóðarnir þar raktir á stuttu svæði en þeir liggja áfram utan deiliskipulagsreits sem þar er ráðgerður en þeir voru ekki raktir áfram. Á þessum slóðum mótar fyrir götum rétt suðvestan við Vegaborg, beggja vegna við jeppaslóða. Virðast þar allt að sjö samhliða götur eða paldrar og er gróið yfir að nokkru, en víða eru þeir grunnir, óreglulegir og fjara fljótt út. Hægt er að greina götur til austurs þar sem þær verða fljótlega ógreinilegar og hverfa undir jeppaslóða en götur má einnig greina til suðurs, sem liggja til suðurs samsíða jeppaslóða að vestan og virðast fremur óverulega kindagötur. Samkvæmt heimildamönnum þurfti að flytja ökuslóðina aðeins norðar en áður eftir jarðhræringar en slóðarnir sem sést móta fyrir til suðurs og vesturs neðan við borgina var rekstrarleið fjár af fjalli í Garð. Samkvæmt þeim eru allar slóðar sem sjást á þessum slóðum tengdir rekstrinum en fé var beitt fram eftir vetri á þessum slóðum og ekki fornleifar samkvæmt laganna skilningi en eins og algengt er með slóða er erfitt að skera úr um aldur að fullu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda. Innan framkvæmdareits við Lúdentsborgir.

Heimildir: Ö-Kálfaströnd, 27 Herforingjaráðskort nr. 83, frá 1935

SB-207 Vogar og Vogafrétt

30 hdr. Samkvæmt Jarðabók Árna og Páls frá 1712.

"Landamerki í Vogum. Að norðan á móti Reykjahlíð: Ég byrja þá niður við vatn. Þau liggja úr Smáralág hinni ytri í Geitakofabjarg og þaðan í Syðri-Námakollu og þaðan bein lína í Þrengslin við Skessuhala, en Þrengslin eru norðan undir Skessuhala. Þar hefur runnið hraun alveg upp að halanum. Merkin á móti Geiteyjarströnd liggja upp frá Hraunvog eftir girðingu, sem liggur upp að vegi (þjóðvegi), þaðan úr girðingarhorni í norðurenda Strandarholts, þaðan bein lína í Vegaborg í Lúdentsborgum, síðan ráð borgirnar merkjum til suðurs gegnt Kálfaströnd og Garði í syðstu Þrengslaborg. Þaðan réttýnis til austurs gegnt sunnanverðu Búrfelli, móts við Grænavatnsland. Ræður svo Búrfell til norðurs og Skessuhali að Þrengslum, sem eru norðan

undir Skessuhala. Ö-Vogar, viðbætur 1.

1919: 4,2 ha. 3/10 sléttað, garðar 2067 m². 1839: "... landlítil heima um sig en hefur það æði mikið í fjarlægð. Búsveltujörð upp á sauðfé. Hefur sæmilegan heyskap, agnsemi rétt góða og fínt eggvarp í Vogateigum." SSP, 122.Í viðbót við Reykjahlíðarmáldaga í Auðunarmáldögum frá 1330-40 er getið um Voga Björn sem virti hökul kirkjunnar – DI II, 430. 13.9.1437 selur Gunnsteinn Jónsson Þorvarði Loptssyni jörðina í Vogum við Mývatn í Reykjahlíðarkirkjusókn með öllum gögnum og gæðum fyrir Leyning í Eyjafirði – DI IV, 571. 15.6.1477 selur Magnús Þorkelsson sr. Þorkatli Guðbjartssyni föður sínum Voga við Mývatn í Reykjahlíðarkirkjusókn með öllum gögnum og gæðum fyrir Ystu-Vík í Laufásþingum og gaf sr. Þorkell 30 hundruð á milli jarðanna – DI VI, 113-14. 18.4.1504 selur Helgi Ásgrímsson hálfu Voga Jóni Ásgrímssyni – DI VII, 681 sbr. 686. 23.5.1514 selur Jón Ásgrímsson Vogana við Mývatn Þorsteini Finnbogasyni í Reykjahlíð – DI VIII, 488

30.9.1548 gefur Þorsteinn Finnbogason Nikuláasi syni sínum m.a. voga xxxc. til kvonarmundar við Sigríði Einarasdóttur – DI XI, 668. 2.1.1634 selur Hallgrímur Einarsson, með samþykki Solveigar Guðmundsdóttur konu sinnar, sr. Geir Markússyni (í umboði Magnúsar Björnssonar) alla jörðina Voga í Reykjahlíðarkirkjusókn, 30 hdr að dýrleika – Jarðabréf, 244. 19.6.1703 eru Vogar 30 hdr meðal jarða Guðríðar Gísladóttur, landskuld 1 c 80 al, leigukúgildi 7 – JÁM XIII, 50

SP-207:013 *Mathvammur/Búrfellsaðhald* heimild um rétt/áningarstað E:608038 N:565467 "Norðan í Búrfellshólunum er Mathvammur ...", segir í örnefnalýsingu. Búrfellshólaaðhald. Í skrá Helga Hallgrímssonar er getið um aðhald í samnefndum hólum við Búrfell, þ.e. Búrfellshólum. Samkvæmt staðkunnugum er um einn og sama staðinn að ræða, þ.e.a.s. að aðhaldið er í Mathvammi. Staðurinn var ekki heimsóttur við skráningu 1999 enda þá ekki vitað hvar hann var. Við skráningu 2017 var rætt við heimildamenn sem þekktu staðinn og gátu staðsett hann gróflega á korti. Ekki var talið ráðlegt að skrásetjari færi einn að Búrfelli að vetrarlagi til að leita hans og bíður það því betri tíma. Aðhaldið og Mathvammur eru við norðanvert Búrfell, tæpum 14 km ASA við Voga 001.

Miklir hólar er við fjallsrætur Búrfells austantil (nyrst) og norðan við fjallið. Aðhaldið er í hólunum þar sem skarð er í þá við norðanvert Búrfell. Talsvert skóglendi virðist í dældunum milli hólanna. Þarna var matast þegar menn komu úr eða fóru í göngur á Eystri-Miðfjöllum. Samkvæmt Ólöfu Hallgrímsdóttir heimildamanni er aðhaldið grjóthlaðið og

einfalt.

Hættumat: engin hætta en er innan marka deiliskipulags fyrir óskipt land Voga

Heimildir: Ö-Vogar, 10, 15 og AFSkút e HH

SP-207:032 þúst hlutverk óþekkt

E: 605263 N: 563709

Þúst, mögulegt mannvirki, er um 85 m suðaustan við Lofthelli og 2-2,5 km vestan við Búrfell.

Þústin er um 12 km suðaustan við Vogabæ 001.



Þúst SP-207:032. Á ljósmynd er horft til VNV

Umhverfis er kjarri og víðivaxið, aflíðandi svæði í halla til vesturs. Á svæðinu eru hæðir á nokkrum stöðum, á kafi í birki og kjarri en ekki fundust sannfærandi vísbendingar um mannvirki nema í þeim, að frátalinni þeirri hæð sem hér er skráð.

Afgerandi hæð á kafi í birki og öðrum gróðri og erfitt er að greina nákvæmt lag eða skera úr með óyggjandi hætti hvort um mannvistarleifar sé að ræða, ekki síst vegna þess að þústin er á kafi í þéttum gróðri sem erfitt er að brjóta sér leið í gegnum. Ekki er hægt að útiloka að þarna gæti hafa gróið upp uppblástur en lagið virðist helst til reglulegt og þústin er því látin njóta vafans. Þústin er um 8 x 5 m stór og snýr NNA-SSV. Norðurhlið hennar er ógreinileg. Þústahóllinn er afgerandi og er ytri brún hans 1,2 m hærra en umhverfi. Innri brún meintra veggja er 0,4-0,5 m á hæð og eru veggir 1-1,5 m á breidd. Austurhlið þústarinnar heillegust. Engar grjóthleðslur sjást þarna en klöpp er utan í þústinni að vestan.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs og er að auki innan marka deiliskipulags fyrir uppland Voga

"Rústir í Lúdent. Meintar beitarhúsatóftir eru suður af Vestustudökk í Lúdent," segir í skrá Helga Hallgrímssonar. Samkvæmt heimildamönnum voru húsin beitarhús Guðna Ásmundssonar sem bjó í Vogum fram til 1890. Nú er svæðið sem er sunnan og austan við Lúdent uppblásið og eru ummerki um húsin nú blásin og staðsetning þeirra því illgreinanleg. Af loftmynd virðist hægt að greina leifar ferhyrnds mannvirkis á þessum slóðum. Mannvirkið er um 20 m norðan við vegslóða sem lá upp í Lúdent en um 7,3 km suðaustan við Vogabæ 001. Af loftmynd að dæma hefur mannvirkið verið um 9 x 6 m stórt og snýr það NNV-SSA. Umhverfis er grasvöxtur og melgresi sum staðar að ná sér á strik enda búið að græða landið talsvert upp. Skammt ofan við (norðan) er lítill blettur af kjarrgróðri. Þegar umræddur staður var skoðaður á vettvangi fundust engin ummerki um mannvirkið og virðist það hafa verið í brekku eða brekkurótum þar sem greinilega hefur blásið og gróið aftur. Svæðið er í nokkrum halla og virðist því meint staðsetning beitarhúsanna ekki sérstaklega hentug fyrir húsbyggingu. Þrátt það skal hafa í huga þá staðreynd að allt umhverfi á þessum slóðum er gjörbreytt og því ekki hægt að útiloka að húsið hafi áður staðið á þessum slóðum.



Klippt mynd af Minjasjá Minjastofnunar Íslands (<https://www.map.is/minjastofnun/>) sem sýnir staðsetningu þess minjastaðar sem skráður var undir númerinu SP-207:033. Óljós virðist mega sjá móta fyrir ferhyrndu mannvirki. Ljósmynd til hægri sýnir sama svæði af jörðu niðri (horft til norðurs) en engar minjar sjást á því.

Heimildamenn töldu staðsetninguna mjög sennilega.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs og er að auki innan marka deiliskipulags fyrir óskipt land Voga

Heimildir: AFSkút e HH

"Sel í Lúdent. Austan og sunnan við Selhól er gróðurtorfa með dældum er kunna að vera leifar af seltóftum," segir í skrá Helga Hallgrímssonar. Selhóll er nokkuð áberandi hóll í hæðinni sem liggur til suðausturs frá Lúdent. Selið hefur að öllum líkindum verið suðaustan í hólnum þar sem er nokkuð flatlent og grasgefið svæðið. Það er um 8,2 km suðaustan við Vogabæ 001 en fast norðan við vegslóða sem liggur til austurs sunnan við Lúdent, í áttina að Lúdentshólum.

Nú er stórt svæði sunnan og austan við Lúdent uppblásið og fullt af foksandi. Selhóll er áberandi og blásinn hóll stuttu norðan við vegarslóða sem liggur í suðurjaðri Lúdents. Svæðið sunnan og austan við er nú vaxið grasi og lyngi en gróðurhulan er frekar rýr.

Svæðið sunnan og austan við Selhól hefur einhvern tíma blásið en er nú (2017) uppgróið. Líklega hefur selið verið einhvers staðar á því svæði sem nú er gróið suðaustan hólans en það er um 160 x 70 m stórt. Engar greinilegar tóftir eða þústir eru á svæðinu en neðarlega (sunnarlega) er græn torfa, um 25 x 15 m stór (snýr norðvestur-suðaustur) sem helst kæmi til greina sem hugsanleg staðsetning selsins. Ekkert tóftarlag er þó á torfunni en hún er grænni en umhverfið og um 0,2 m hærra en það. Mörk hennar eru þó fremur óljós. Hafi sel verið á þessum slóðum eins og örnefnalýsing gefur til kynna eru öll yfirborðsummerki horfin.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs og er að auki innan marka deiliskipulags fyrir óskipt land Voga

Heimildir: AFSkút e HH

"Lúdentarborgir eru, sem fyrr segir, gígaröð frá Vegaborg suður að Þrengslaborgum. Vegaborg er nyrzt af Lúdentarborgum, er norðan vegar. Aðhaldsborg er sunnan vegar í Lúdentarborgum. Í henni er sundurdráttaraðhald, sem heitir Lúdentaraðhald. Það er í borginni, sunnan við veginn," segir í örnefnaskrá. Heimamenn kannast aðeins við heitið Aðhaldsborg en




Aðhaldsborg SP-207:048. Mörk skipulagsreits liggja um norðaustanvert svæðið og eru allar hleðslur utan þess. Á ljósmynd sést hólfi A og B.

ekki Lúdentaraðhald sem notuð er í örnefnaskrá sem Ari Gíslason tók saman eftir safni Péturs Jónssonar og Sigurgeir Jónasson bóndi í Vogum og fleiri lásu yfir. Í þessari skráningu verður því fyrrnefnda heitið notað sem og Lúdents- en ekki Lúdentarborgir/-hæð. Aðhaldsborg er um 6,5 km SSA við bæ 001. Slóði liggur upp að borgunum frá Hverfjalli og er austasti hluti borgarinnar aðeins um 10 m vestan við veginn þar sem hann liggur næst henni. Aðhaldsborgin er um 2,7 km SSA við Hverfjalls.

Lúdentsborgir eru röð hraungíga suðvestur af Lúdentshæðinni. Aðhaldsborgin er einmitt slíkur gígur, með háum veggjum og ber nafn með rentu. Botn gígsins er ýmist grasi vaxinn eða hulinn lágu kjarri. Greinilegir kindastígar liggja að aðhaldinu.

Aðhaldsborgin er að stærstu leyti fast vestan mörk deiliskipulagsreits sem tekin var út 2017 í landi Voga. Svæðið er að stóru leyti náttúrulegur gígur. Svæðið er samtals um 120 x 100 m stórt. Allra suðaustast er hlaðið ofan á gígbarminn og sömuleiðis með suðurhlið hans en víða er veggur gígsins hár og engin þörf á hleðslum. Til vesturs liggur sprunga út úr gígnum, um 5 m breið. Þar eru hlaðin 3 hólfi (C, D og E) og svo tvö til viðbótar uppi á bakka sunnan við þau (Hólf A og B). Einnig eru hleðslur með suðurhlið gígsins sjálfs, en þar eru veggir hans lægri. Samtals sjást grjóthleðslur á svæði sem er um 106 x 25 m stórt og snýr

austur-vestur. Hefst lýsingin á hólfunum tveimur A og B sem eru ofan á suðurbarmi gjárinnar. Um er að ræða gerði sem er samtals 21 x 13 m stór og snýr austur-vestur. Innan þess eru tvö hólf. Hólf A er vestar og er það rífleg 10 m á lengd en tæplega 10 m á breidd syðst, þar sem það er breiðast en mjókkar til norðurs og er þar aðeins um 3 m að innanmáli. Ekki er greinilegt op á hólfið. Hólf B er fast austan við hólf A og er 11 x 7 m að stærð (norður-suður) en mjókkar eins og hólf A til norðurs og er þar einungis 1-2 m á breidd. Ekki sést op á hólfinu. Hólfin eru hlaðin úr hraungrýti og er veggir mest 1,7 að stærð. Frá norðurenda gerðisins ganga veggir til norðurs og vesturs ofan í gjánna sem þar er og mynda þau gerði eða hólf C í gjánni. Mjög slétt er inni í hólfinu og nokkuð grasgefið. Hólfið er um 19 x 10 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Austurhlið gerðisins er alveg hlaðin úr hraungrýti og á henni er op norðan við miðju. Hólfið er annars að mestu myndað af gjánni en þó eru hleðslur meðfram suðurvegg gjár að austan. Grjóthlaðinn veggur lokar hólfið af til vesturs og er hann um 7 m langur. Handan (eða vestan) við umræddan vegg er hólf D. Gjáin markar liggur í svoltinn sveig á þessum stað og er hólfið því L-laga. Gjáin myndar alveg suður- og norðurvegg og auk þess veggjar sem lýst var á milli hólfa C og D er hleðsla fyrir vesturvegg



Uppmæling á Aðhaldsborg

tæplega 4 m löng. Hólf D er því um 17 m langt þar sem mest er og 8 m breitt en víða er það mjórra eða um 5 m á breidd. Allra vestast er svo hólf E. Það er markað af fyrrnefndum vegg í vesturjaðri hólfs D að austan, en lítil hleðsla, minna en 2 m á lengd, markar af vesturhliðina. Norður- og suðurhliðar eru sem fyrr markaðir af gjánni. Hólf D og E eru í nokkrum halla til vesturs.

Hættumat: engin hætta en er innan marka deiliskipulags fyrir óskipt land Voga


Heimildir: Ö-Vogar, 6, ÁFSkút e HH

SP-207:054 hleðsla hlutverk óþekkt

E: 598879 N: 571837

Hleðslur eru í hól eða hrói um 185 m VSV við vestan við vestasta lónið í Jarðböðunum. Hóllinn er um 25 m sunnan við girðingu sem snýr austur-vestur sunnan við Jarðböðin. Hleðslurnar eru á hól sem er sendinn og grýttur á kafla en mosagróinn að hluta í toppinn. Hann er 0,4-0,8 m hærra en umhverfið. Jarðhitasvæði er í kring og víða rýkur úr jörðinni. Hleðslurnar eru á hrói eða lágri hæð. Affallið úr Jarðböðunum hefur áður runnið skammt austan við hólinn.

Sjálfur hóllinn er um 43 x 28 m stór. Í honum sjást nokkur merki um mannvirki, misskýr, á svæði sem er um 8 x 5 m að stærð norður-suður. Víða má sjá steina í röð eða upp á rönd en ekki er hægt að tala um skýr mannvirki nema á tveimur stöðum. Allra nyrst eru óljós ummerki. Þar standa tvær hellur upp á rönd og fleiri hellur í kring. Svæðið er 2 x 1,5 m



Hleðsluleifar SP-207:054. Uppmæling sýnir hæðina sem hleðslurnar eru á og afstöðu þeirra og holu 03 norðar. Uppmæling sýnir grófa afmörkun hleðsluleifa en þær eru bæði hrundar og á kafla óreglulegar. Á ljósmynd til hægri er horft yfir hleðslur, til norðvesturs

að stærð. Tæpum 1 m sunnan við eru aðeins skýrari ummerki. Þar sést annars vegar tvær hellur upp á rönd sem mynda horn (til norðausturs) og vestan við það má greina 4-5 flatar hellur í röð á jörðinni (austur-vestur) og líklegt framhald til norðurs og svo austurs þannig að líklegast má greina eins konar "skeifulag". Samkvæmt því væri innanmál tóftar 2,5 x 1 m og hún opin til austurs en gróflega áætlað utanmál er 4 x 3,5 m. Um 5 m austan við þessa tóft eru nokkrir steinar en ekkert tóftarlag er á þeim. Um 2 m sunnan við umrætt mannvirki er svo greinilegasta tóftin. Hún virðist 1,5 x 2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur og líklega um 3 m á kant að utanmáli. Suður- og vesturveggur standa best og er vesturveggurinn 3-4 umför. Tóftin er talsvert á kafi í sandi og lítt áberandi. Hún kann að hafa verið opin til austurs, a.m.k. sést engin hleðsla þar nú. Í hóltoppi vex mosi og þar er greinilegt að jarðhiti er undir sverði. Þar eru nokkrar holur. Um 20 m NNA við hleðslur á hólnum er hola sem mögulega er hlaðið í kringum. Í raun er aðeins mjög veigalitlu grjóti hlaðið í kring, einfaldir og litlir steinar. Engin hleðsla er í holunni. Holan er 0,5 x 0,3 m og snýr norður-suður þar sem hún er víðust (efst en mjókkar niður). Hún er tæpum 15 m sunnan við girðingu sem liggur austur-vestur sunnan við jarðböðin en innan við 10 m vestan við þar sem affallsvatnið frá lóninu hefur runnið áður (nú (2017) þurr farvegur).

Hættumat: engin hættu en er innan marka deiliskipulags fyrir óskipt land Voga

SP-207:055 hleðsla hlutverk óþekkt

E: 597430 N: 571259

Óverulegar hleðslur eru vestan við Grjótagjá, um 40 sunnan við syðri mörk framkvæmdareits sem nú er til skoðunar á svæðinu. Hleðslurnar eru innan við 10 m vestan við gjárbarminn, um 270 m norðan við þar sem þjóðvegurinn liggur yfir gjánna. Grasflöt er á þessum slóðum á milli hrauns ofar (vestar) og Grjótagjár neðar.

Á þessum stað hefur grjót verið dregið saman á tveimur stöðum (hér merkt 207:056_01 og 02) þótt vart sé hægt að tala um eiginleg mannvirki. Svæðið er samtals 17 x 10 m stórt. Hleðslurnar eru grónar lyngi en virðast hvorki fornar né merkar og er allsendis óvíst að þær geti talist til fornleifa samkvæmt laganna skilningi (100 ára og eldri mannvirki) en þær eru látnar njóta vafans og skráðar ólíkt þeim fjölmörgum vörðum/vörtum sem ferðamenn hafa hlaðið hér og þar við Grjótagjá og klárlega voru metnar of ungar til að teljast til fornleifa. Hleðsla 01 er sunnar. Hún er um 5,5 m á lengd og 1,5 m á breidd og snýr nálega austur-vestur. Hleðslan er um 6 m neðan (austan) við hraunbrúnina ofan við Grjótagjá og fjarar út um 10 m vestan við Grjótagjána. Vestustu 2 m hleðslunnar eru sæmilega skýrir en

hleðslan verður óreglulegri eftir því sem austar dregur. Mest sést um 2 umför af grjóti í hleðslunni. Hleðsla 02 er 15 m NNV við hleðslu 01. Hún líkist í raun meira hrúgu en eiginlegri hleðslu og er um 1,2 x 1,2 m að stærð stór. Sæmilegt horn er á hleðslunni að suð- og norðaustan en hún verður óregluleg til vesturs eða suðvesturs þar sem hún hverfur upp að hraunbrún og mest er og sjást mest 2 umför eða raðir af grjóti í hleðslunni. Samkvæmt heimildamönnum var vinsælt að tjalda við Grjótgjá áður en farið var að reka tjaldstæði. Stundum var fólk að fergja tjöldin og henti svo grjóti í hauga þegar ekki voru not fyrir grjótið lengur. Þeir telja því líklegast að ummerkin sem skráð voru séu frá þessum tíma en ekki var byrjað að nota Grjótgjá sem baðstað fyrr en um 1940.




Hleðslur SP207:055 við Grjótagjá. Á ljósmynd er horft til SSA

Hættumat: engin hættu en er innan marka deiliskipulags fyrir óskipt land Voga

SP-207:056 þúst hlutverk óþekkt


E: 600656 N: 566030

Ógreinileg ummerki eru sunnan í Lúdent, á blásnu svæði ríflega 7 km suðaustan við Vogabæ 001 en um 200 m vestan við áætlaða staðsetningu beitarhúss 033. Ummerkin eru innan við 100 m norðan við vegarslóða sem liggur til austurs í átt að Lúdentshæðum. Svæðið er uppgróið og vaxið grasi og melgresi. Því hallar til suðurs og suðvesturs.



Þúst SP-207:056, á uppmælingu er gróðurtorfan í kring sýnd með ljósgráum lit. Á ljósmynd er horft til vesturs.

Svæðið er gróskumeira en það svæði umhverfis sem grætt hefur verið upp. Tunga sem er 25 x 10 m stór (austur-vestur) er mest áberandi. Á henni, austarlega er ógreinileg þúst þótt ekki sé hægt að útiloka að þar sé eingöngu um uppgróinn uppblástur að ræða. Þústin er þó helst til regluleg, um 6 m í þvermál og er einföld. Mögulegt er að hún hafi verið með opi til austurs. Hún er um 0,2 m hærra en umhverfið. Beitarhús voru á þessum slóðum en talið var líklegast að þau hafi verið um 200 m austar (sjá 033) þar sem þó eru engin sýnileg ummerki á jörðu niðri (staðsett af loftmynd) en ekki er hægt að útiloka að beitarhúsin hafi



Þúst SP-207:056, á uppmælingu er gróðurtorfan í kring sýnd með ljósgráum lit. Á ljósmynd er horft til vesturs.


verið á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs og er að auki innan marka deiliskipulags fyrir óskipt land Voga

SP-207:057 tóft heystæði

E: 600095 N: 565979

Við yfirferð loftmynd fundust óljós ummerki sem minntu á tóft fast norðan við vegarslóða sem liggur frá Lúdentsborgum og til austurs meðfram suðurhlíðum Lúdentshæðarinnar.



Tóft SP-207:057. Á ljósmynd er horft til suðvesturs.

Tóftin er greinileg fast norðan vegarins og er samkvæmt staðkunnugum gamalt heystæði. Tóftin er um 380 m austan við Vegaborg (SP-205:058) en um 6,5 km suðaustan við Vogabæ 001.

Tóftin er á lyngi- og víðivöxnu svæði en um 30 m austar tekur við hraun.

Stök tóft, fast norðan veg (minna en 1 m frá). Tóftin er 12 x 7 m stór og snýr NNA-SSV. Mögulegt er að henni hafi verið skipt upp (og þá hafi lítið hólf verið syðst) en líklegra er að hún hafi verið einföld. Ekki er greinilegt op á tóftinni. Norðan hennar er svæði sem virðist upphækkað og má vera að þar hafi hey verið sett upp. Svæðið er um 10 x 5 m að stærð og er 0,3 m hærra en umhverfið. Tóftin er grasi gróin en þó á kafi í víði. Tóftin er nokkuð há og er veggjahæð 0,2-0,3 m að innri brún en 0,5-0,6 m frá jafnsléttu að utanverðu. Svolítið dæld er í tóftina norðarlega á vesturvegg en ekki er hægt að tala um eiginlegt op er á henni. Dæld er beggja vegna við tóftina eins og mögulega hafi orðið rof í gróðurhuluna út frá því svæði þar torf var stungið í tóftina umhverfis hana. Samkvæmt heimildamönnum var heystæði á þessum stað. Tóftin er óvenjuvegleg af heystæði að vera.

Hættumat: engin hættu en er innan marka deiliskipulags fyrir óskipt land Voga

SP-207:058 hleðsla rétt

E: 602174 N: 565493

Hleðslur eru á nokkrum stöðum í hraungjá sem er við hraunjaðar suðaustan við suðausturenda Lúdents, við Lúdentsshæð. Hleðslurnar eru um 8,5 km suðaustan við Vogabæ 001.

Hraungjain er um 100 m löng og snýr NNV-SSA. Gjain er allra vestast á hraunsvæði, í jaðri þess. Umhverfis er hraunlendi og talsverðir sandar en þó gróin svæði inn á milli.

Talsverður sandur er inni í gjánni og hefur hann fokið upp að flestum hleðslunanna.

Á þessum stað er náttúruleg hraungjá en hlaðið hefur verið í sprungur og op á henni a.m.k. 7 stöðum. Samkvæmt heimildamönnum var gjáin nýtt sem rétt og svæðið notað til að rýja. Hleðslurnar eru á svæði sem er um 80 m á lengd og hleðslur eru sem fyrr segir á sjö stöðum en engin þeirra er meira en 2,5-3 m á lengd.

Lýsingin hefst syðst á svæðinu, á hleðslu A. Hleðsla A snýr nálega austur-vestur og lokar hraungjánni til suðurs. Hleðslan er um 1,7 m á lengd en 0,8 m á hæð en fyrir sunnan hana er hraunkambur þannig að aðeins sést innri brún. Á þessum stað myndar hraungjái eins konar gleitt V og er um 1,7 m breið en veggir hennar allt að 4 m á hæð.

Hleðsla B er um 11 m NNV við hleðslu A. Hún hefur verið gerið til að fylla eyðu í klettavegginn, þ.e. fyllir í skarð þar sem einum klettavegg sleppir og annar tekur við. Gatið er um 3 m langt en í því er talsvert af urð og stórgrýti og hefur hleðslan verið hlaðin ofan á það. Hún er 2,5-3 m á lengd og er aðeins bogadregin. Hleðslan er um 0,8 m á hæð og í henni sjást 3-4 umför eða raðir að grjóti. Hleðslan og klettaveggirnir beggja vegna við hana mynda í raun lítið hólf sem er 4,5 x 2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Að norðaustan er hleðsla (Hleðsla C) sem segja má að marki hólfið af til suðausturs en hún er þó í raun í sömu hæð og gólfið í hólfin en frá því og niður á jafnsléttu norðar er 0,8 m og eru 3 umför af grjóti í henni. Hleðslan er 1,6-1,7 m á lengd. Mikið sandfok er upp að hleðslunni að sunnan og er það grasi gróið. Hleðslan sést því vel ef horft er á hana neðan frá (úr norðri) en suðurhlið er illgreinanleg. Á þeim stað, við hleðslu C klofnar gjáin í tvennt (til suðurs) og eru hleðslur A og B í vesturparti suðurhluta gjárinnar en ekki eru greinilegar hleðslur í austurhlutanum og er



Tvær af hleðslunum í gjánni, hleðsla A til vinstri, horft til suðurs en hleðsla B til hægri, horft til SV

gjáin þar mjög þröng.

Norðan við hleðslu C er gjáin hins vegar sameinuð og breiðari. Um 27 m eru frá hleðslu C að hleðslu D í gjánni og er gjáin víða um 5 m á breidd á því svæði. Mikill sandur er í hólfinu og hefur safnast upp að hleðslunni, a.m.k. sést aðeins norðvesturhlið hleðslunnar en sandur og gróður hylur austurhliðina. Rúmlega 1 m lækkun er frá hleðslutoppi og niður á jafnsléttu norðvestar í gjánni. Hleðsla D er 2,5-3 m á lengd og er einföld röð (0,6-0,8 m á breidd). Í henni sjást 3 umför en hleðslan er 0,3-0,4 m á hæð. Í raun má segja að hleðsla D og hleðsla E myndi hólfa saman sem þá er 6,5 x 2,5 m að innanmáli og hallar svolítið til norðvesturs. Hleðsla E markar umrætt "hólf" til norðurs eða norðvesturs. Hún er aðeins ríflega 1 m á lengd gjáin er talsvert þröng norðvestan hennar. Hleðslan er mest 0,7 m á hæð, 2-3 umför. Frá hleðslunni lækkar landið enn til norðvesturs og meira en 1 m eru frá hleðslunni og niður á jafnsléttu norðvestan við. Hleðsla F er rúmum 8 m NNV við hleðslu E. Hún er hlaðin í eins konar útskot úr klettagjánni til vesturs. Hleðslan er í opi eða gati í klettaveggnum, á milli tveggja kletta. Opið er 1,5 m á lengd. Hleðslan er aðeins bogin og samtals tæpir 2 m á lengd og fyllir upp í opið. Hleðslan og klettaveggirnir tveir mynda einskonar hólf inn í klettavegginn sem er þá um 2 x 1,5 m að innanmáli. Hleðslan er hlaðin ofan á jarðfastan steina og er 0,3 m á hæð og 2-3 umför en ef steinninn undir er talinn með er mannvirkið 1,3 m hátt. Hleðsla G er um 17 m norðan við hleðslu F og er hún nyrsta hleðslan sem fannst í gjánni. Hún er norðaustarlega í gjánni, þar sem hún er sem er farin að víkka og grynnist. Afliðandi hækkun er upp að hleðslunni sem er að mestu á kafi í sandi. Hleðslan er um 2 m löng en mögulegt er að hún hafi upphaflega náð alla leið að austurbarminum og þá verið 3 m á lengd en upp við gjárvegginn eru bara 2-3 steinar. Mikill sandur hefur safnast upp að hleðslunni og er þar hálfgerður sandhóll sem er um 0,8 m hár. Líklega hefur hleðslan upphaflega verið um 1 m á breidd. Birkitré hefur vaxið á þessum stað en að er nú dautt. Sem fyrr segir víkkar gjáin og grynnist á þessum slóðum og fjarar út 25-30 m norðar.



Hættumat: hætta, vegna uppblásturs og er að auki en er innan marka deiliskipulags fyrir óskipt land Voga

SP-207:059 varða

hlutverk óþekkt

E: 600302 N: 564888

Stæðileg varða er um 430 m austan við veginn sem liggur til suðurs frá. Varðan er um 7,7 km suðaustan við Vogabæ 001. Varðan var ranglega álitin landamerkjavarða í aðalskráningu 1999 (þá skráð undir númeri SP-205:008). Heimildamenn sem rætt var við töldu fráleitt að varðan væri á merkjum enda væru þau langtum vestar. Því er ekki augljóst hvaða tilgangi hún hefur þjónað.

Varðan er byggð utan í hæðarbrún eða melhrygg sem sést vel alla leið frá vegslóða. Melurinn er grýttur en í kring eru að mestu sandar og talsvert melgresi, einkum í átt að Lúdent, þ.e. til norðurs.

Regluleg og vel hlaðin varða, úr þykkum hraunhellum. Stendur á flötum, jarðföstum kletti. Efstu steinar að sunnan vaxnir appelsínugulum mosa. Varðan er 2 m á hæð 1,2 m í þvermál. Varðan er vel hlaðin og mjó, úr reglulegu hraungrýti en gott hleðslugrjót er að finna víða á melnum.



Varða SP-207:059

Gott útsýni er frá vörðunni í allar áttir.

Hættumat: engin hættu en er innan marka deiliskipulags fyrir óskipt land Voga

6. Niðurstöður

Áður en farið var á vettvang og minjar skráðar var farið yfir heimildir og loftmyndir kannaðar. Svæðið var bæði skoðað í Minjasjá Minjastofnunar Íslands og á Google Earth loftmyndum. Einnig var rætt við þær Ólöfu Hallgrímsdóttur, Sólveigu Erlu Hinriksdóttur og Þórdísi Guðfinnu Jónsdóttur úr stjórn Landeigendafélags Voga og þá Gunnar Rúnar Pétursson, Jónas Pétur Pétursson og Hermann Kristjánsson í leit að upplýsingum um landnýtingu og mögulegar minjar innan skipulagssvæðis.

Eins og fyrr segir er sá reitur sem nú er unnið að deiliskipulagi fyrir mjög stór eða um 10.000 ha. Sökum þess voru fyrirmæli um fornleifaskráningu á svæðinu tvíþætt. Annars vegar að allir framkvæmdareitir á svæðinu (5 reitir) yrðu deiliskráðir (þaulgengnir í leit að minjum) en hins vegar að aukalega yrðu mældar upp allar þekktar fornleifar utan framkvæmdareita en innan deiliskipulagsmarka og einnig leitað að minjum á því svæði með því að kanna loftmyndir og með viðtölum við staðkunnuga.

Hér verður byrjað á því að fjalla um reitina fimm sem voru deiliskráðir en því næst fjallað um fornleifar utan framkvæmdareita en innan deiliskipulagsmarka.

Í skýrslunni eru til umfjöllunar fimm reitir innan deiliskipulagssvæðis í landi Voga þar sem framkvæmdir eru ráðgerðar. Reitirnir hafa númerin 1 (F-2), 1 (F-3), 2, 3 og 5. Reitur 1 (F-1) er vegur sem enn á eftir að hanna á svæðinu við Lofthelli (og því var það svæði undanskilið í úttektinni haustið 2017) og reitur F4 er framkvæmdareitur umhverfis Hverfjall þar sem í gildi er nýlegt deiliskipulag og var það svæði því ekki heldur tekið út haustið 2017. Ekki voru sérstaklega teknar út minjar í námunda við bíslóða enda ekki ráðgert að byggja þá upp á næstunni. Komi til þess mun þurfa að kanna minjar á þeim svæðum og sömu sögu er að segja verði framkvæmdir ráðgerðar utan þeirra framkvæmdareita sem kannaðir hafa verið.¹⁶


¹⁶ Bréf Rúnars Leifssonar minjavarðar Norðurlands, dagsett 12. júlí 2017. MÍ201707-0053/6.09/R.L.

Deiliskráning á fimm framkvæmdareitum

Reitur 1 (F-2): Bílastæði við Lofthelli

Framkvæmdareitur F2 er þar sem vegslóði að Hvannfelli endar og ráðgert er að gera bílastæði fyrir ferðamenn á leið í Lofthelli sem er rúmum 1,1 km aust-suð-austan við svæðið.

Reiturinn sem tekinn var út var hringlaga og um 200 m í þvermál. Innan hans er ráðgert að gera bílastæði fyrir ferðalanga á leið að Lofthelli og lágmarks snyrtiaðstöðu vegna ferða í hellinn.¹⁷ Endanlegt rask mun þó aðeins ná yfir lítinn hluta þess svæðis sem tekið var út. Svæðið nær frá austurhlíðum Hvannfells og til austurs út í hraunið sem þar tekur við. Innan framkvæmdareits er nokkuð fjölbreytilegt landslag. Í hlíðinni ofan við bílastæðið, í rótum Hvannfells er gróðurkragi þar sem vex birki en neðar (austar) tekur við hraunlendi. Þó er gróinn tangi á móts við núverandi bílastæði og þar vex víðir, gras og lyng. Litlar vörður eða vörtur hafa verið reistar á leiðinni frá bílastæði og til austurs að Loftshelli.



Afmörkun Framkvæmdareits 1: F-2, ofan á loftmynd frá Google Earth. Engar fornleifar voru skráðar innan reits

¹⁷ Deiliskipulag óskipts lands Voga, greinargerð: Tillaga 23. júní 2017, 14

Engar fornleifar fundust á framkvæmdareit F2.

Reitur 1 (F-3): Aðstaða í grennd við Lofthelli

Framkvæmdareitur F3 er á svæðinu umhverfis Lofthelli þar sem til stendur að koma upp afdrepi fyrir ferðamenn sem koma á svæðið til að skoða hellinn. Reiturinn sem tekinn var út var hringlaga og um 200 m í þvermál.¹⁸ Lofthellir er á svæðinu norðaustanverðu og liggur stálstigi niður í hann og örlítil hleðsla utan við hann á 1-2 stöðum. Lofthellir er í jaðri hrauns og nær upp að hlíðarrótum en austur hækkar land til ASA. Það svæði er vaxið grasi, lyngi og víði en gróðurhulan er fremur þunn og víða glittir í sand á því svæði sem gengið var, næst hrauninu. Engar minjar voru í hrauninu en víða er búið að draga nokkra steina saman í vörður/vörtur sem allar virtust mjög nýlegar og eru án efa settar saman af ferðamönnum á svæðinu á síðustu árum. Nokkrar hæðir voru á gróna svæðinu, á suðausturluta framkvæmdareits, en engar hleðslur sáust innan svæðis. Rétt utan við mörk framkvæmdareitsins fundust hins vegar óljós ummerki (SP-207:032) sem gætu verið illa farnar mannvistarleifar og voru þær skráðar. Um staðinn er fjallað nánar í kafla um minjar



Afmörkun Framkvæmdareits 1: F3 (umhverfi Lofthellis) ofan á mynd frá Google Earth. Engar fornleifar fundust innan svæðis en möguleg fornleif (SF-207:032) rétt utan þess og verður fjallað um hana í umfjöllun um minjar innan deiliskipulagsreits en utan framkvæmdareita síðar í kaflanum.

¹⁸ Deiliskipulag óskipts lands Voga, greinargerð: Tillaga 23. júní 2017, 14

utan framkvæmdareita en innan deiliskipulagssvæðis.

Engar fornleifar fundust á framkvæmdareit F2.

Reitur 2: Bætt aðstaða við Grjótagjá

Nokkur straumur ferðamanna liggur þegar að Grjótagjá. Að svæðinu liggur malbikaður vegur og innan þess eru eldri malarvegir, bílastæði, skilti og gönguleið. Til stendur að bæta aðkomu ferðamanna á svæðinu með nýju bílastæði, skiltum, stígum og útsýnispöllum og útbúa salernisaðstöðu á svæðinu.¹⁹ Framkvæmdareiturinn nær yfir gjána og nánasta umhverfi hennar og er samtals um 4,8 ha stór.

Framkvæmdareiturinn nær yfir gjána og nánasta umhverfi hennar. Vesturmörk reitsins eru víða um 15 m vestan við vesturbarm Grjótagjár. Þar teygir hraunlendi sig fram á gjábarminn en á milli klappanna eru sumstaðar grasflákar. Landeigendur hafa um talsvert skeið unnið að uppgræðslu á svæðinu og eru víða taðhaugar sem ráðgert er að nota í verkið, þó ekki innan deiliskipulagsins. Óverulegar hleðslur (SP-207:055) fundust á vestanverðum barmi gjárinnar rétt utan við framkvæmdareit og verður nánar fjallað um þær í umfjöllun um minjar innan deiliskipulags en utan framkvæmdareita aftar í kaflanum. Engar fornleifar fundust hins vegar innan framkvæmdareitsins. Innan hans voru þó fjölmargar litlar vörður eða vörtur eins og þær eru stundum nefndar sem ferðamenn hafa hlaðið á síðustu árum. Flestar eru mjög veigalittlar en á tveimur svæðum eru þær svolítið stærri, eða um 1-1,2m í þvermál en um 0,3 m á hæð. Önnur varðan er á gjábarminum til móts við syðra skiltið við bílastæðið og ofanvið Karlagjana. Hin varðan er á klöpp fast utan eða sunnan við jaðar deiliskipulagssvæðis og sunnan við þar sem eldri malarvegur hefur legið í sveig. Þrátt fyrir að vörðurnar væru umfangsmeiri en margar af vörðuhrúgunum á svæðinu voru þær þó engu að síður taldar

¹⁹ Deiliskipulag óskipts lands Voga, greinargerð: Tillaga 23. júní 2017, 13




Afmörkun Framkvæmdareits 2: Grjótagjá, ofan á loftmynd frá Samsýn. Línan til vinstri á myndinni, í framhaldi af reitnum er sú sem afmarkar heildarstærð deiliskipulagsreits í Vogum. Engar fornleifar fundust innan svæðis en möguleg fornleif (SF-207:055) er rétt sunnan þess og verður fjallað um hana í umfjöllun um minjar innan deiliskipulagsreits en utan framkvæmdareita. Loftmynd: ©Samsýn

Engar fornleifar fundust á framkvæmdareit 2.

Reitur 3: Framkvæmdareitur við Vogagjá

Til stendur að bæta aðgengi ferðamanna að Vogagjá en þó er aðeins gert ráð fyrir takmörkuðum fjölda ferðamanna á svæðinu. Til stendur að gera brú yfir gjána, setja stiga ofan í hana og hafa hlið inn á svæðið. Verður litlum hópum seldur aðgangur



Afmörkun Framkvæmdareits 3: Vogagjá, ofan á loftmynd frá Samsýn. Línan lengra til vinstri á myndinni er sú sem markar af heildarsvæðið sem deiliskráning Voga nær yfir. Engar fornleifar fundust innan svæðis en möguleg fast vestan við svæðið er merkt með gulu þar sem hlaðið var fyrir fé á síðustu árum. Loftmynd: ©Samsýn

að svæðinu.²⁰ Í tengslum við þessi mannvirki er einnig ráðgert að gera bílastæði við Grjótagjárveg og þar komið upp lítilli salernisaðstöðu, ásamt því að göngustígur að gjánni verður endurbættur. Framkvæmdareiturinn nær aðeins yfir 10-20 m breitt belti beggja vegna gjárinnar nema allra nyrst þar sem svæði er afmarkað fyrir bílastæði og salernisaðstöðu. Framkvæmdareiturinn er samtals 1,9 ha stór.

Innan framkvæmdareitsins er úfið hraun vaxið lyngi og birki að nokkru. Svæðið er fremur erfitt yfirferðar og var fyrirfram ekki að búast við miklum mannvistarleifum þar. Ruddur en aflagður vegur og vírgirðing eru í vesturjaðri svæðis, hvort tveggja frá seinni hluta 20. aldar og teljast ekki til fornleifa þótt á stöku stað hafi verið hlaðið undir girðinguna. Engar fornleifar reyndust innan reitsins en hleðsla (um 6 m löng) fannst í norðvestur-jaðri svæðis milli hraunhóls sem þar er og gjárinnar. Samkvæmt heimildamönnum var hleðslan einungis hlaðin fyrir örfáum árum þar sem fé sótti í að fara suður með girðingunni þegar verið var að smala og var því hlaðið fyrir hólinn til að varna því að missa féð þessa leið.

Engar fornleifar fundust innan framkvæmdareits 3.

Reitur 5: Framkvæmdareitur við Lúdentsborgir

Ráðgert er að gera bílastæði við Lúdentsborgir og mun það marka upphaf nokkurra gönguleiða um svæðið. Framkvæmdareiturinn sem kannaður var, var hringlaga og um 100 m í þvermál. Vegslóði liggur þegar inn á svæðið og greinist þar í tvennt, liggur annars vegar til austurs í átt að Lúdentshæð og áfram til suðurs í átt að Hvannfelli annars vegar en hins vegar áfram til suðurs um Þrengslaborgir og áfram til Mývatnsöræfa. Framkvæmdasvæðið er markað af Lúdentsborgum að vestan og Vegaborg að norðan. Að auki eru lágar klappir sem víða standa upp úr sverði á svæðinu. Svæðið er vaxið grasi, lyngi og kjarri. Á svæðinu var skráð ein fornleif, leið SP-205:058. Hennar er getið í örnefnaskrá og leið merkt inn á herforingjaráðskort frá 1935. Leiðin er á svipuðum slóðum og malarvegur liggur enn í dag og kinda- og reiðgötur eru einnig í nágrenninu. Sökum þess er erfitt að áætla hvaða slóðar kunna að vera af gömlum meiði. Á framkvæmdasvæðinu sjást þó nokkrir slóðar á svipuðum slóðum og eldri leið hefur legið.

²⁰ Deiliskipulag óskipts lands Voga, greinargerð: Tillaga 23. júní 2017, 3



Reitur 5 við Lúdentsborgir sýndur ofan á loftmynd frá Google earth. Ein fornleif er þekkt innan reits en það er gömul leið (SP-205:058) sem lá um svæðið.

Ein meint fornleif fannst innan framkvæmdareits 5

Fornleifar utan framkvæmdareita en innan deiliskipulagsmarka

Fornleifaskráning í landi Voga var unnin í lok október 2017. Að kröfu minjavarðar Norðurlands var eftirfarandi aðferðafræði viðhöfð við yfirferð þess hluta deiliskipulagsins sem var utan framkvæmdasvæða:

- 1) Farið var á alla þá staði sem staðsettir höfðu verið við aðalskráningu 1999 og þeir mældir upp og endurmetnir
- 2) Kannaðar voru loftmyndir í leit að áður óþekktum fornleifum
- 3) Rætt var við heimildamenn í leit að áður óþekktum fornleifum

Samtals voru 12 fornleifar skráðar innan deiliskipulagsmarka í upplandi Voga en aðeins ein þeirra, leið SP-205:058, reyndist innan framkvæmdareits (reitur 5 við Lúdentsborgir). Allar aðrar fornleifar sem þekktar eru innan marka deiliskipulags eru utan framkvæmdareita. Rétt

er að ítreka að líklegt er að fleiri staðir kæmu í ljós við umfangsmeiri deiliskráningu enda er svæðið víðfeðmt og fornleifar geta leynst víða.

Langflestir minjastaðanna 11 sem reyndust innan svæðis en utan framkvæmdareita reyndust á svæðinu sunnan við Lúdent en austan við Lúdentsborgir eða átta staðir. Við aðalskráningu 1999 var Aðhaldsborg SP-207:048 skráð en það var heimsótt aftur 2017, skráð ítarlegar og mælt upp. Borgin er skemmtileg blanda af manna- og náttúruverki en sá hluti hennar sem lendir innan rannsóknarsvæðis er alfarið náttúrulegur. Hið eiginlega mannvirki er því alfarið utan þess svæðis sem til úttektar var. Um gamla leið sem lá fram hjá Lúdentsborgum SP-205:058 er áður getið en hún er eina fornleifin sem leyndist innan marka þeirra framkvæmdasvæða sem tekin voru út þótt rétt sé að ítreka að þau ummerki sem fundust á vettvangi eru samkvæmt heimildamönnum líklega mest eftir fjárrekstur á 20. öld. Nokkru austar fannst tóft sem ekki var skráð við aðalskráningu 1999. Hún er fast norðan við vegslóða að Lúdent og er á kafi í kjarri en nokkuð stæðileg. Samkvæmt heimildamönnum var hún heystæði en hún er nokkuð stæðileg af slíku mannvirki að vera. Um 500-750 m austar voru svo skráðir tveir staðir sem nokkur óvissa er um. Austari staðurinn (SP-207:033) var talin líkleg staðsetning beitarhúsa Guðna Ásmundssonar sem stóðu undir Lúdent en eru nú alveg horfin í uppblástur. Á loftmynd á vef Minjastofnunar Íslands sést ferhyrningslaga form á þessum stað og töldu heimildamenn staðsetninguna koma vel heim og saman við áðurnefnd beitarhús. Á vettvangi fundust hins vegar alls engin ummerki á umræddum stað og þótti staðsetningin ekki sérstaklega hentug fyrir beitarhús en svæðið var þó svo umturnað af uppblæstri að ekki er hægt að útiloka að húsin hafi staðið þar. Um 250 m vestan við umræddan stað voru óljósar þústir á gróðurbletti þar sem talið var mögulegt að mannvistarleifar leyndust undir sverði SP-207:056 og er jafnvel möguleiki að beitarhús Guðna hafi verið á þessum stað fremur en austar, þótt staðsetning SP-207:033 sé e.t.v. líklegust. Báðir staðir voru hins vegar látnir njóta vafans, hnitsettir og skráðir. Við skráningu 1999 tókst ekki að staðsetja umrædd beitarhús og sömu sögu var að segja um Sel í Lúdent SP-207:038 sem á að hafa verið austan og sunnan við Selhól. Með aðstoð heimildamanna var hægt að staðsetja þennan minjastað en hafi sel verið undir hólnum sjást nú engin yfirborðsummerki um það. Ræktarlegt svæði undir hólnum verður þó að teljast líklegasta staðsetning selsins. Um 430 m austan við Selhól og um 2,5 km austan við þar sem vegslóði beygir í átt að Lúdent var svo skráð rétt eða aðhald eftir ábendingu heimamanna. Um er að ræða langa og mjóa klettagjá í vesturenda Búrfellshrauns og hefur verið hlaðið fyrir sprungur

og op í gjánni. Sú fornleif sem þekkt er allra austast á því svæði sem til skoðunar var er aðhaldið í Hólnum stundum nefndur Mathvammur fast norðan við Búrfell. Ekki var unnt að leita að staðnum á þeim tíma sem skráningin fór fram (lok október vegna óvissra veðuraðstæðna) en gróf staðsetning aðhaldsins er þekkt og engar framkvæmdir eru ráðgerðar á þessum slóðum. Aðrar fornleifar sem skráðar voru á svæðinu voru stæðileg varða (SP-207:059) sem er um 430 m austan við vegslóða sem liggur til suðurs að Mývatnsöræfum og Hvannfelli. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en hún er stæðileg og líklegt að hún hafi verið hlaðin eða endurhlaðin á 20. öld. Skammt austan við framkvæmdareit við Lofthelli fundust óljós ummerki þústar sem var á kafi í gróðri (SP-207:032). Ekkert er vitað um hlutverk eða aldur þústarinnar en hún virðist einföld og e.t.v. líklegast að hún tengist skepnuhaldi á svæðinu. Norðarlega á svæðinu, skammt sunnan við framkvæmdareit við Grjótagjá (SP-207:055) voru veigalitlar grjóthleðslur skráðar. Ekki virðist um eiginlegt, fullgert mannvirki að ræða og líklegast er það ekki mjög fornt en grjót hafði þar verið dregið saman í stutta hleðslu. Ógreinilegar hleðslur (SP-207:054) voru einnig skráðar í námunda við Jarðböðin í Mývatnssveit. Umræddar hleðslur eru að miklu leyti hrundar og ekki ljóst hvers lags mannvirki voru áður á hólnum. Talsverður jarðhiti er í hólnum og allt í kring og líklegast að hleðslurnar tengist honum á einhvern hátt.

Ljóst er að umferð ferðamanna um svæðið er nokkur og á einstaka stað fundust ummerki um hana, t.d. þar sem steinum hafði verið hrúgað saman en slík ummerki voru talin nýleg og ekki fornleifar.

Skráningin sýnir að aðeins ein fornleif er innan framkvæmdareits í Vogalandi og ættu því fornleifar ekki að þurfa að hafa áhrif á fyrirhugaðar framkvæmdir. Minjastofnun Íslands tekur afstöðu um það hvort einhverra aðgerða er kafið vegna slóða innan framkvæmdareits við Lúdent.

Ekki er útilokað að áður óþekkt mannvirki gætu komið í ljós á framkvæmdasvæðum við framkvæmdir. Mögulegt er t.d. að þau hefðu geta orpist sandi á fyrri öldum og því verið löngu gleymd og týnd. Komi áður óþekktar minjar í ljós við framkvæmdir skal samkvæmt lögum stöðva framkvæmdir og tilkynna um fundinn til Minjastofnunar Íslands. Rétt er að geta þess í lokin að þar sem ekki verður hjá raski komist úrskurðar Minjastofnun hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja.

Heimildaskrá

Atlaskort (herforingjaráðskort), í kvarðanum 1:50.000, sérkort fyrir Mývatn 1935/LMI-Kort-2002-155.

Atlaskort (Uppdráttur Íslands) í kvarðanum 1:100.000 ráðskort, nr. 83.

Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Orri Vésteinnsson og Sædís Gunnarsdóttir. 2000. „Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi IV: Fornleifar við norðan- og austanvert Mývatn, milli Grímsstaða og Kálfastrandar auk afréttarlanda“. Fjölrit nr. FS118-96014. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Biskupasögur III (Íslensk fornrit XVII, bindi). 1998. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

Byggðir og bú í Suður-Þingeyjarsýslu. 2006. Ragnar Þorsteinsson o.fl. tóku saman. Búnaðarsamband Þingeyinga.

DI I-XI: *Íslenzkt fornbréfasafn I-XIV. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík*

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2017a. *Jarðböðin í Mývatnssveit: deiliskráning*. FS562-17141. Fjölrit. Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2017b. *Bjarnarflag í Mývatnssveit: Fornleifaskráning vegna nýs mats á umhverfisáhrifum*. FS653-17131. Fjölrit. Reykjavík.

Henchel, Ole. „Skýrsla um brennisteinsnámur á Íslandi og hreinsun brennisteinsins.“ Prentað í: Ólafur Olavíus. 1965. *Ferðabók II*. Reykjavík. Blaðsíður 259-308.

Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. 1847. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín XII. Þingeyjarsýslur. 1943. Kaupmannahöfn.*

Jarðabréf: *Jarðabréf frá 16. og 17. öld: Útdrættir*. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn. Útgáfustað vantar.

Jón Gauti Jónsson. 2006. *Mývatnssveit með kostum og kynjum*. Reykjavík. Ferðafélag Íslands.

Jón E. Vestdal. 1943. „Brennisteinsnám“. *Iðnsaga Íslands 2*. Blaðsíða 59-73. Reykjavík.

Kristján Sæmundsson. 1991. „Jarðfræði Kröflukerfisins“ kafli í bókinni: *Náttúra Mývatns*. Hið íslenska náttúrufræðifélag. Reykjavík.

Lög um menningarminjar 80/2012.

SSP: *Sýslu og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844. 1994. Reykjavík.*

Þorvaldur Thoroddsen. 1931-1953. *Lýsing Íslands I-III. 2. útgáfa*. Reykjavík.

Óútgefið efni:

AFSKÚt e HH: Adolf Friðriksson. *Útdráttur úr Söguminjaskrá Hallgríms Helgasonar* (fjölrit, óútgefið).

Deiliskipulag óskipts lands Voga, greinargerð: Tillaga 23. júní 2017. Teiknistofa Arkitekta Gylfi og félagar ehf.

Ö-Kálfaströnd: *Örnefnaskrá fyrir Kálfaströnd.* Einar Ísfeldsson. 1984. Varðveitt á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn.

Ö-Vogar: *Örnefnaskrá fyrir Voga.* Ari Gíslason skráði eftir safni Péturs Jónssonar í Reynihlíð. Sigurgeir Jónasson bóndi í Vogum las yfir og lagfærði. Síðar fór Sigurgeir aftur yfir skrána með Sigfúsi Illugasyni og Stefáni Illugasyni. 1988-1992. Varðveitt á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn.

Ö-Vogar, viðbætur: *Örnefnaskrá fyrir Voga: viðbætur.* Skráð eftir Sigurgeir Jónassyni. 1988. Varðveitt á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn.

Bréf Rúnars Leifssonar minjavarðar Norðurlands, dagsett 12. júlí 2017. MÍ201707-0053/6.09/R.L.

Loftmynd af svæðinu við Grjótagjá/Vogagjá frá Samsýn, afhent Teiknistofu arkitekta árið 2015.

Loftmyndagögn af interneti:

Loftmynd frá Google Earth, hlaðið niður í gegnum Q-gis forritið, 27. janúar 2018

Loftmynd frá Bing, hlaðið niður í gegnum Q-gis forritið, 27. janúar 2018

Minjasjá Minjastofnunar Íslands <https://www.map.is/minjastofnun/>

Heimildamenn:

Gunnar Rúnar Pétursson, fæddur 24. júní 1958


Hermann Kristjánsson, fæddur 31. október 1952

Jónas Pétur Pétursson, fæddur 24. desember 1956

Ólöf Þórelfur Hallgrímsdóttir, fædd 19. febrúar 1960.

Sólveig Erla Hinriksdóttir, fædd 10. ágúst 1967.

Þórdís Guðfinna Jónsdóttir, fædd 5. október 1963.



Skýringar

- Hnitsettar fornleifar
- Uppmældar fornleifar
- Línulegar fornleifar
- Uppmælingar umhverfi (línur)
- Uppmælingar umhverfi (flákar)
- Mörk heildarsvæðis og framkvæmdareita



